

FUNDARGERÐ HREPPSNEFNDAR

Þriðjudaginn 1. maí 2007 var fundur haldinn í Hreppsnefnd Höfðahrepps kl 10⁰⁰ á skrifstofu hreppsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Birna Sveinsdóttir, Halldór Ólafsson, Sigríður Gestsdóttir, Erla Jónsdóttir og Magnús B. Jónsson.

Auk þess mætti á fundinn undir 1. dagskrárlið Davíð Búi Halldórsson endurskoðandi.

Adolf H. Berndsen, oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

Dagskrá:**1. Ársreikningur 2006**

Fyrir fundinum lá lágu drög að ársreikningi sveitarsjóðs og B-hluta stofnana til fyrri umræðu. Davíð Búi Halldórsson skýrði og fór yfir helstu niðurstöðutölur ársreikningsins.

Hreppsnefnd ræddi fyrirbyggjandi drög að ársreikningi en samþykkti hann síðan með minni háttar athugasemdum að vísa reikningnum til síðari umræðu.

Fyrir fundinum lá einnig kynnisbréf endurskoðenda dags. 20. apríl 2007. Í því bréfi er gerð grein fyrir starfsháttum við endurskoðunina.

2. Erindisbréf hafnarvarðar

Fyrir fundinum lá tillaga að erindisbréfi hafnarvarðar sem samþykkt var í hafnarnefnd 23. apríl 2007. Erindisbréfið var samþykkt.

3. Bréf:

a) SSNV um menningarsamning, dags. 27. apríl 2007.

Í bréfinu kemur fram að í dag 1. maí 2007 muni ráðherrar mennta- og samgöngumála og fulltrúar sveitarfélaganna á Norðurlandi vestra og Vestfjörðum undirrita samning um samstarf ríkis og sveitarfélaga á sviði menningarmála. Með bréfinu er fulltrúum sveitarfélaga á starfssvæði SSNV boðið að vera viðstaddir athöfnina sem fram fari að Staðarflöt í Hrútafirði.

Bréfið var til kynningar

b) SSNV um ársþing, dags. 25. apríl 2007.

Með bréfinu er tilkynnt um að 15. ársþing SSNV verði haldið dagana 25. -26. ágúst nk.

Bréfið var til kynningar.

c) Dóms- og kirkjumálaráðuneytis, dagsett í apríl 2007.

Með bréfinu eru fyrirmæli og leiðbeiningar um meðferð kjörskrárstofna frá Þjóðskrá. Í bréfinu kemur m.a. fram að kjörskár skuli miðast við skráningu í íbúaskrá þjóðskrár 7. apríl 2007 að því er varðar staðsetningu í sveitarfélag. Þá er í bréfinu gerð grein fyrir meðferð mála við breytingu á kjörskrá og hlutverk sveitarstjórna í því tilliti.

Meðfylgjandi bréfinu var kjöskrá Höfðahrepps.

4. Fundargerðir:

- a) Fræðslunefndar, 16.04.2007.
Fundargerðin var samþykkt með fyrirvara um 3. lið.
- b) Fræðslunefndar, 26.04.2007
Fundargerðin var samþykkt.
- c) Hafnarnefndar, 23.04.2007.
Fundargerðin var samþykkt.
- d) Stjórnar SSNV, 19.02.2007
Fundargerðin var til kynningar.
- e) Stjórnar SSNV, 05.03.2007
Fundargerðin var til kynningar.
- f) Stjórnar SSNV, 29.03.2007
Fundargerðin var til kynningar.

5. Önnur mál

- a) Oddviti greindi frá því að næsta föstudag 4. maí nk verði formleg opnun á skrifstofu Atvinnuleysistryggingasjóðs á Skagaströnd.
- b) Umræður urðu um ýmis mál og var m.a. fjallað um sundlaugarmál, hitaveitu, skipulagsmál og umsókn um byggingu reiðskemmu. Öll þessi mál eru í vinnslu og ákveðið að taka þau til frekari umfjöllunar á næstu vikum.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 13²⁰

Adolf H. Berndsen
(sign)

Sigríður Gestsdóttir
(sign)

Halldór Ólafsson
(sign)

Birna Sveinsdóttir
(sign)

Erla Jónsdóttir
(sign)

Magnús B. Jónsson
(sign)